

Reykjavík 20.11. 2001

Til samgöngunefndar Alþingis.

Efni: greinargerð og breytingartillögur vegna frumvarps til laga um leigubifreiðar

## **Greinargerð vegna frumvarps til laga um leigubifreiðar**

Sú megin breyting sem lagafrumvarpið gerir ráð fyrir fellst í því að færa alla umsjón og málefni leifubifreiða undir Vegagerð ríkisins. Þessi umsjón hefur verið í höndum stéttarféлага leigubílstjóra, sveitarféлага, umsjónarnefndar og samgönguráðuneytis. Við erum mjög ósammála þessari breytingu og teljum hana alvarega atlögu að félagslegum réttindum okkar og hagsmunum.

Um áratuga skeið var einungis eitt félag leigubílstjóra starfrækt á höfuðborgarsvæðinu, Frami. Stjórnvöld og framámenn í Framu litu svo á að öllum leigubílstjórum á höfuðborgarsvæðinu væri skylt að vera félagar í Framu. Umræður um félagafrelsi og dómur Mannréttindadómstólsins í Strassborg um aðildarskyldu urðu til þess að tvö önnur félög leigubílstjóra sáu dagsins ljós í Reykjavík 1993–1995. Allt til 1999 sá Frami um útgáfu aksturheimilda á höfuðborgarsvæðinu. Þá ályktaði Samkeppnisstofnun að eðlilegast væri að hvert félag sæi sæu um útgáfu aksturheimilda fyrir sína félagsmenn. Þessar breytingar voru í takt við aukið frjálsræði og félagsleg réttindi í íslensku samfélagi.

Framámenn Framu, einkum fyrrv. formaður félagsins og núverandi umsjónarnefndarmaður, hafa hins vegar átt mjög erfitt með að setta sig við þessa þróun eftir áralanga einokun félagsins á málefnum bílstjóranna. Þeir hafa því hafnað allri skynsamlegri samvinnu við hin félögin og lagt málsvara þeirra í einelti með fulltingi umsjónarnefndar, ráðuneytis og lögreglunnar í Reykjavík. Endalausar og meira og minna tilefnislausar kærur frá þessum aðilum á hin félögin sl. misseri skipta nú orðið mörgum tugum. Þessi afstaða hefur valdið deilum milli forráðamanna félaganna og mætt töluvert á starfsmönnum samgönguráðuneytis. Frumvarpið ber því keim af þeirri afstöðu og vilja ráðuneytis og ráðherra að höggva á hnútinn og leggja niður framan greinar deilur.

Kjarni málsins er þó sá að ekki má dæma núverandi kerfi eingöngu með hliðsjón af afstöðu og framkomu örfárra manna sem ekki sætta sig við frjálsræðisþróun nútímans. Sú þróun verður ekki stöðvuð með óbilgirni þeirra né heldur með frumvarpi sem færir starfsöryggi og félagsleg réttindi leigubílstjóra áratugi aftur í tímann. Í síðustu landsfundarályktun Sjálfstæðisflokksins um samgöngumál er t.d. kveðið skýrt á um að lög og reglur um leigubifreiðaakstur og rekstur bifreiðastöðva verði endurskoðuð með það að markmiði að daga úr miðstýringu, opinberum afskiptum, minnka opinberar álögur á þennan rekstur og einfalda lagaumhverfi hans. Við leggjum því til að frjálsræði núverandi kerfis fái að halda sér.

Andreas  
Guðgeir Andriasson

# FRUMVARP TIL LAGA

## UM LEIGUBIFREIÐAR

(LAGT FYRIR ALÞINGI Á 127. LÖGGJAFARÞINGI 2001-2002)

### 1.Kafli

#### ALMENN ÁKVÆÐI

##### 1.gr

##### *Gildissvið*

Lög þessi taka til fólksbifreiða sem notaðar eru til leiguaksturs. Fólksbifreiðar sem skráðar eru fyrir fleirri en 8 farþega falla þó ekki undir lög þessi. Leiguakstur fólksbifreiða telst þegar fólksbifreið er seld á leigu ásamt ökumanni fyrir tiltekið gjald til flutnings á farþegum og farangri þeirra. Heimilt er með reglugerð að kveða á um mörkin á milli atvinnusviðs fólksbifreiða, vörubifreiða og sendibifreiða sem notaðar eru til leiguaksturs. Rísi ágreiningur um þessi mörk sker Vegagerðin úr. Leigubifreiðar skulu auðkenndar samkvæmt reglum sem samgönguráðherra setur að fengnum tillögum Vegagerðarinnar og bifreiðastjórafélaganna.

##### 2.gr

##### *Umsjón með leiguakstri*

Vegagerðin og bifreiðastjórafélögin fari með framkvæmd mála er varða leigubifreiða. Sveitarfélög sjái um starfsleyfi bifreiðastöðva eins og verið hefur. Stéttarfélögin sjái áfram um undanþágur fyrir sína félagsmenn og heldur eftirliti með sínum félagsmönnum hvert fyrir sig. Bifreiðastjórafélögin sendi Vegagerðinni upplýsingar um allar undanþágur frá akstri á 3 mánaða fresti. Atvinnuleyfshöfum er skylt að veita Vegagerðinni upplýsingar sem varða atvinnuleyfi þeirra og nýtingu þess. Samgönguráðherra er heimilt að fenginni tillögu Vegagerðarinnar að fela einstökum sveitastjórnnum framkvæmd mála er varða leigubifreiða innan sveitafélagsins.

##### 3.gr

##### *Bifreiðastöðvar*

Allar leigubifreiðar á takmörkuðu svæði s.k.v. 8. grein skulu hafa afgreiðslu á bifreiðastöð sem fengið hefur viðurkenningu og starfsleyfi sveitarfélaga. Hvert stéttarfélag skal fylgjast með því að ökumenn sem eru í þeirra stéttarfélagi fari eftir fyrirmælum laga og reglugerða um leigubifreiðar. Bifreiðastöðvar sjái ekki um undanþágur frá akstri eigin bifreiða s.k.v 9. gr laga. Bifreiðastöðvar eiga aðeins að sjá um að þjóna símaafgreiðslu og leigubifreiðastjórum. Enda borgar hver bílstjóri stöðvagjöld og leigu til bifreiðastöðvanna. Vegagerðin og stéttarfélögin komi sér saman um að setja í reglur gæðastaðla um þjónustu leigubifreiðastjóra, stærð og búnað bifreiða ofl. Stéttarfélög skulu sjá um að gæðastöðlun sé framfylgt.

4. gr.

*Stjórnsýslukæra*

Ákvörðun Vegagerðarinnar og stéttarfélaganna verður skotið til samgönguráðherra. Málsmeðferð fer eftir ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

2. kafli

**Leyfisveitingar**

5. gr.

*Skilyrði fyrir atvinnuleyfi*

Sá sem fullnægir öllum eftirtöldum skilyrðum getur fengið atvinnuleyfi:

1. Hefur fullnægjandi starfshæfni þ.m.t. fullnægjandi ökuréttindi og tilskilið námskeið.
2. Er skráður atvinnuleyfihafi.
3. Stundar leiguakstur að aðalatvinnu samkvæmt sbr. þó 9. gr.
4. Hefur óflekkað mannorð. Enginn telst hafa óflekkað mannorð sem dæmdur hefur verið til óskilorðsbundinnar fangelsisvistar eða öryggisgæslu. Ef meira en fimm ár eru liðin frá uppkvaðningu dómsins og dómurinn hefur ekki kveðið á um lengri en fjögurra mánaða fangelsis- eða varðhaldsvistar telst brotið firnt í skilningi laganna nema um sé að ræða skírlífisbrot eða að viðkomandi hafi verið dæmdur fyrir kynferðislegt ofbeldi. Brotið telst þó ætíð firnt ef viðkomandi hefur fengið uppreisn æru.
5. Er sjötíu ára eða yngri, sbr. þó 2. málgr. 7. mgr. 9. gr.  
Forfallabílstjóri skal uppfylla skilyrði 1., 4. og 6. töluliði 1. mgr.

6. gr.

*Veitingar atvinnuleyfa*

Atvinnuleyfi skv. 5. gr. er skilyrði þess að vikomandi sé heimilt að taka að sér eða stunda leiguakstur á fólki, sbr. þó 9. gr. Þar sem takmörkun á fjölda leigubíla er við lýði eru atvinnuleyfi gefin út af samgönguráðherra. Atvinnuleyfi er bundið við nafn. Engum má veita fleiri en eitt atvinnuleyfi. Leyfishafa er óheimilt að selja atvinnuleyfi, leiga það út eða ráðstafa því á annan hátt til þriðja aðila. Bifreiðastjórar sem stunda leiguakstur samkvæmt lögum þessum skulu hafa í bifreiðinni skírteini til sönnunar því að þeir hafi atvinnuleyfi eða stundi leiguakstur í forföllum leyfishafa. Samgönguráðuneytið gefur út atvinnuskírteini gegn gjaldi skv. 12. gr. Öku-kennarafélag Íslands skal halda námskeið fyrir umsækjendur um atvinnuleyfi með hæfilegu millibili og skal gera viðunandi prófárangur að skilyrði fyrir því að leyfi verði veitt. Heimilt er að taka sérstakt tillit til umsókna um atvinnuleyfi frá öryrkjum enda uppfylli þeir skilyrði þessara laga.

7. gr  
*Skilyrt atvinnuleyfi*

Þrátt fyrir ákvæði þessa kafla er samgönguráðherra heimilt að veita tímabundið og skilyrt atvinnuleyfi til reksturs eðalvagnþjónustu.

8. gr  
*Takmörkun á fjölda leigubifreiða*

Samgönguráðherra setur í reglugerð að fengnum tillögum Vegagerðarinnar og stéttarfélaganna, nánari reglur um fjölda bifreiða í leiguakstri á ákveðnum svæðum og að fenginni umsögn viðkomandi sveitastjórna og héraðsnefnda. Þegar heimild til takmörkunar á fjölda leigubifreiða er veitt er óheimilt að skerða atvinnuréttindi þeirra manna sem á lögmætan hátt stunda leigubifreiðaakstur er takmörkun hefst. Þar sem takmörkun á fjölda fólksbifreiða hefur verið ákveðin skal umsækjandi fullnægja skilyrðum 5. gr. og situr hann að jafnaði fyrir við úthlutun leyfa hafi hann stundað leiguakstur á fólki í a.m.k. 1 ár. Þar sem ekki hefur verið kveðið á um takmörkun á fjölda fólksbifreiða í leiguakstri á umsækjandi rétt á að fá útgefið atvinnuleyfi ef hann fullnægir 5. gr. Samgönguráðherra er heimilt að veita undanþágu frá skilyrðum 5. gr. á svæðum þar sem ekki er í gildi takmörkun á fjölda leigubifreiða. Takmörkun þessi er framkvæmd með útgáfu atvinnuleyfa samkvæmt þessum kafla.

9. gr  
*Nýting atvinnuleyfis*

Leyfishafi skal hafa leiguakstur að aðalatvinnu. Þó má víkja frá því skilyrði á svæðum þar sem íbúar eru færri en 10.000. Veita má leyfishafa undanþágur frá akstri eigin bifreiðar vegna.

1. Orlofs, veikinda eða annarra forfalla.
2. Vaktaskipta á álagstímum.
3. Viðgerðar eða endurnýjunar á bifreið.
4. Einnig skulu leyfishafar hafa 8 vikna sumarfrí og 3 vikna vetrafrí.

Samgönguráðherra setur nánari reglur um undanþágur skv. 2.mgr. að fengnum tillögum Vegagerðarinnar og félaga bifreiðastjóra. Bifreiðastjórafélögin skulu annast undanþágu fyrir sína félagsmenn sbr.2 gr. Bifreiðastjórar sem öðlast atvinnuleyfi ber að hefja nýtingu þess innan 6 mánaða frá útgáfu degi og nýta það samfellt í 2 ár áður en til fyrstu innlagnar kemur að öðrum kosti fellur atvinnuleyfið úr gildi. Leyfishafi má minnst leggja inn leyfi í 1 mánuð mest í 4 ár. Atvinnuleyfi fellur úr gildi við lok 76 ára aldurs. Heimilt er að leyfa eftirlifandi maka eða dánarbúi leyfishafa að nýta atvinnuleyfi hans í allt að 3 ár eftir andlát leyfishafa, þó eigi lengur en til þess tíma sem leyfishafi hefði misst leyfið vegna aldurs.

3 Kafli.  
**ÝMIS ÁKVÆÐI.**  
10. gr  
*Gjaldmælar*

Löggiltir gjaldmælar skulu vera í öllum fólksbifreiðum sem notaðar eru til leiguaksturs samkvæmt lögum þessum og skal farið eftir gjaldmælum. Löggildingarstofan hefur eftirlit með notkun og meðferð gjaldmæla.

11. gr  
*Refsingar. Svípting leyfis*

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim geta varðað sektum, leyfissvíptingu nema þyngri refsing liggji við eftir öðrum lögum, og skal farið með mál út af slíkum brotum er vísað til almennra hegningar laga.

12. gr  
*Leyfisgjöld*

Greiða skal 5000 krónur til Samgönguráðuneytis við atvinnuleyfisveitingu.

1. Fyrir útgáfu atvinnuskirteina kr.700
2. Fyrir tímabunda innlögn leyfis kr.500
3. Fyrir úttekt leyfis kr 500.


13. gr  
*Reglugerð*

Samgönguráðherra setur að öðru leyti reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

14. gr  
*Gildistaka*

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2002 jafnframt falla úr gildi lög um leigubifreiðar, nr. 61/1995, með síðari breytingum.

Bifreiðastjórafélagið Andvari

  
Guðjón Þ. Andrésson.